

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, lögum um Matvaelastofnun og tollalögum (694. mál)

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa sinnt verði flutt til Matvaelastofnunar.

Viðskiptaráð styður þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu. Telja verður óeðlilegt að Bændasamtökum Íslands sé falið opinbert vald sem felst m.a. í ákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. Slík verkefni verða að vera á höndum hlutlauss aðila. Þar með er þó ekki sagt að verkefnin þurfi að vera á höndum opinberra aðila. Tekur Viðskiptaráð undir það sem fram kemur í umsögn Samtaka atvinnulífsins um að frumvarpið gefi tilefni til að velta upp þeirri spurningu hvort útvista megi hluta verkefna Matvaelastofnunar til einkaaðila, til að mynda dýralækna á einkamarkaði.

Loks fagnar Viðskiptaráð þeirri einföldun regluverks sem frumvarpið kveður á um og telur að ganga mætti lengra í þeim efnum á sviði landbúnaðarmála.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands